

L Ö G

1

19. jan.

um framlenging á gildi laga nr. 94/1955, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1956.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimild sú, er ríkisstjórninni er veitt í lögum nr. 94/1955, um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði á árinu 1956, skal gilda til 1. febrúar 1956.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 19. janúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

2

27. jan.

um bráðabirgðastöðvun á tollafgreiðslu.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Dagana 28.—31. janúar 1956, að báðum dögum meðtöldum, skulu tollstofnanir ekki taka við skjölum til tollafgreiðslu á aðfluttum vörum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. janúar 1956.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.